

SVEINN YNGVI EGILSSON

## Náttúra Huldu

Þegar skáldkonan Hulda (Unnur Benediktsdóttir Bjarklind, 1881–1946) kvaddi sér hljóðs í byrjun 20. aldar var henni tekið sem eins konar náttúrubarni í bókmenntunum og list hennar talin sjálfsprottin, enda ætti hún rætur sínar í norðlenskri sveit. Einar Benediktsson orti kvæði til Huldu árið 1904 og komst svo að orði að hún syngi „með náttúrubarnsins rödd“ og væri „Dalasvanninn með sjálfunna menning“.<sup>1</sup> Annað þjóðþekkt skáld, Þorsteinn Erlingsson, skrifaði á svipuðum nótum um Huldu árið 1905 og varð tíðrætt um uppruna hennar og ungan aldur, um „systurlíf hennar við lækina, blómin, steinana, álfana og alla þá ástvini, sem djúp tilfinning og auðugur skáldandi getur átt um fagrar brekkur í kærnum dal“.<sup>2</sup> Um þessar viðtökur fjallar Helga Kress í inngangi sínum að ljóðasafninu *Stúlku* og bendir réttilega á að þær feli í sér náttúrugervingu á Huldu og geri hana barnslega.<sup>3</sup> Slík staða er ekki ákjósanleg fyrir skáldkonu sem vill að mark sé á henni tekið og því má segja að frá upphafi hafi tengsl Huldu við náttúruna einkennst af ákveðinni togstreitu. Náttúran var henni mikilvægt yrkisefni og innblástur, en Hulda átti það sífellt á hættu að litið væri á hana sem eins konar framlengingu á náttúrunni og ekki sem fullgilt skáld. Hér verður hugað að því margþætta hlutverki sem náttúran gegnir í ljóðum Huldu, allt frá því að vera uppspretta lífsyndis til ákveðins þunglyndis sem setur svip sinn á nútímaleg náttúruljóð skáldkonunnar. Að lokum verður reynt að varpa ljósi á þetta ljóðræna þunglyndi með því að bera þululjóð Huldu saman við erlendan skáldskap samtímans.

<sup>1</sup> Ármann [dulnefni Einars Benediktssonar]: „Til Huldu.“ *Ingólfur*, 11. ár, 14. blað, 3. apríl 1904, bls. 53.

<sup>2</sup> Þorsteinn Erlingsson: „Annar pistill til „Þjóðviljans“. (Huldupistill).“ *Þjóðviljinn*, 19. ár, 25. tölublað, 15. júní 1905, bls. 98–99; hér bls. 98.

<sup>3</sup> Helga Kress: „Kona og skáld – Inngangur.“ *Stúlka. Ljóð eftir íslenskar konur*. 2. útg. (frumútg. 1997). Reykjavík 2001, bls. 11–102; hér bls. 70–71.

*Gömul og ný rómantík*

Hulda er oft talin til nýrómantískra skálda eða táknæsiskálda, en hún hefur þó ákveðna sérstöðu í þeirra hópi. Sem kona, húsfreyja, eiginkona og móðir gat Hulda t.d. ekki samsamað sig hinni nýrómantísku ímynd um bóhem-sénúíð eins auðveldlega og karlskáldin og þetta olli innri baráttu sem birtist víða í ljóðum hennar. Um þetta fjalla þær Guðrún Bjartmarsdóttir og Ragnhildur Richter í inngangi að úrvali úr verkum Huldu sem kom út 1990.<sup>4</sup> Hið sama gerir Guðni Elísson í grein sem birtist í *Skírni* 1987.<sup>5</sup> Eins og þessir og fleiri fræðimenn hafa bent á er náttúran að ýmsu leyti táknræn í ljóðum Huldu, þó að táknin séu kannski ekki eins auðráðin og stundum er haldið. Þannig segja þær Guðrún og Ragnhildur í inngangi sínum um þululjóðið „Ljáðu mér vængi“: „Náttúrumyndirnar eru tákn fyrir hugmyndir og hugsjónir, flug grágæsarinnar táknar hér frelsið, hin blómlega ey er tákn framtíðarvonanna og vængirnir þess afls sem þarf til að láta drauma sína rætast.“<sup>6</sup> Ég er ekki viss um að skáldskapur Huldu sé svo einræður að hægt sé að túlka táknin kerfisbundið og held raunar að náttúran í ljóðum hennar sé einstaklega margræð og tengist ekki síður gömlu rómantíkinni heldur en hinni nýju.

Náttúrusýn Huldu felur í sér rómantíska þætti, eins og gagnvirkt samspil hugar og hlutveru, hina rómantísku viðurkenningu á því að náttúran er veruleiki sem hægt er að lýsa með tilvísun til skynfæranna, og um leið rómantískan skilning á náttúrunni sem *landslagi*, þ.e. fagurfræðilegu viðfangi sem fellur að vissu leyti inn í ramma málverks og ferðalaga, eins og ótal listamenn höfðu leitast við að skilgreina í myndlist og skáldskap á umliðnum öldum.<sup>7</sup> En náttúrusýn Huldu er vissulega einnig nýrómantísk eða táknæsileg. Náttúrufrýrbæri verða auðveldlega táknræn í skáldskap hennar; raunar ummyndast náttúran gjarnan í álfaheim og hulduland, þannig að huglægnin er enn meiri en í rómantíkinni. Stundum byrja ljóð Huldu á rómantískan hátt í þeim skilningi að hún yrkir sig inn í umhverfið með því að nota staðarnöfn, náttúruheiti og skynrænar lýsingar að hætti rómantískra skálda, en

<sup>4</sup> Guðrún Bjartmarsdóttir og Ragnhildur Richter: „Inngangur.“ Hulda: *Ljóð og laust mál*. Úrval. Reykjavík 1990, bls. 9–98.

<sup>5</sup> Guðni Elísson: „Líf er að vaka en ekki að dreyma. Hulda og hin nýrómantíska skáldímynd.“ *Skírni*, 161. ár, vorhefti 1987, bls. 59–87.

<sup>6</sup> Guðrún Bjartmarsdóttir og Ragnhildur Richter: „Inngangur“, bls. 36.

<sup>7</sup> Ég fjalla um þessa þætti í rómantískri náttúrusýn í greininni „Um hvað tölum við þegar við tölum um náttúruna? Fjallið Skjaldbreiður eftir Jónas Hallgrímsson.“ *Skírni*, 181. árg., hausthefti 2007, bls. 341–359.

svo þróast ljóðið og verður táknrænt og nýrómantískt í áherslum sínum áður en yfir lýkur. Ljóðið „Haust“ sýnir þetta vel:

Haustið er hnigið á foldu,  
hnigið á bliknandi lönd.  
Sumarið fagra er flúið  
af fjöllum og hafi og strönd.

Himinn er hulinn skýjum,  
hljótt strýkur gola um kinn,  
hvíslar að blöðum og blómum:  
„Blundið og hvílist um sinn“.

Heiðlóu heyri ég kveðja  
hjartkæra bústaðinn sinn.  
Rödd hennar einmana ómar  
innst inn í huga minn.

Haustnótt í hjarta mér skyggir,  
huggun það alls enga sér.  
Sumarið fagra er flúið,  
flúið um eilífð frá mér.<sup>8</sup>

Náttúrumyndirnar í lok kvæðisins eru notaðar í yfirfærðri merkingu og standa fyrir ákveðið hugarástand, þ.e. sálrænar „árstíðir“, en framan af fela þær í sér skírskotun í raunverulegt, ytra fyrirbæri sem ljóðmælandinn getur samsamað sig við. Önnur dæmi um þetta tvíþætta hlutverk náttúrunnar – sem táknrænan heim og einnig ytri vettvang samsömunar – eru ljóðin „Rósir“ og „Vatnslilja“.<sup>9</sup> Hulda rúmar á þennan hátt bæði rómantík og nýrómantík, náttúruhyggju og táknsæi. Sérstaða hennar sem náttúruskálds felst að nokkru leyti í þessari fjölþættu sýn sem er óvenjulegt að birtist með svo skýrum hætti hjá einum og sama höfundinum.

<sup>8</sup> Hulda: *Kvæði*. Reykjavík 1909, bls. 12. Tilvitnanir í verk Huldu eru færðar til nútímahorfs í þessari grein, enda er hvorki staf- né greinarmarkjasetning samræmd í upprunalegum útgáfum hennar.

<sup>9</sup> Hulda: *Segðu mjer að sunnan*. *Kvæði*. Reykjavík 1920, bls. 79 og 84.

*Ytra og innra landslag*

Samband bókmennta og náttúru er flókið viðfangsefni sem hægt er að nálgast á ýmsan hátt. Svokölluð vistrýni (e. *ecocriticism*) hefur rutt sér til rúms á undanförunum áratugum, ekki síst í rómantískum fræðum, en hún er þverfræðileg rannsóknaraðferð eða fræðasvið sem helgað er sambandi bókmennta og náttúru. Augu fræðimanna hafa m.a. beinst að umhverfisvitund einstakra skálda og hvernig þau marka sér stað í tilverunni á mállegum forsendum. Ég hef gert tilraunir um vistfræðilegan lestur á ljóðum nokkurra íslenskra skálda og m.a. lagt út af heimspekikeningum Martins Heidegger í því skyni, t.d. í grein sem birtist í *Engli tímans*, minningarriti um Matthías Viðar Sæmundsson.<sup>10</sup> Hægt er að lesa ljóð Huldu á sambærilegan hátt, enda bera mörg þeirra vott um sterka samsemd við umhverfið og viðleitni til að yrkja sig inn í það með lýsandi hætti sem endurspeglar ákveðna staðarvitund og náttúruhyggju. Hulda yrkir ljóð eins og „Hagahraun“, þar sem hún tíundar í smáatriðum ákveðin náttúrufyrirbæri og örnefni, þannig að umhverfið stendur ljóslifandi fyrir hugskotssjónum lesandans:

Elfarnið þungan og þýðan  
bar þeyrinn á hvarflandi vængjum.  
Laxá að hraunbaki leið  
ljósblá um eyjar og nes.

\* \* \*

Bergvatnsins bláskæru augu  
og bugðóttu smákílar liggja  
haganum hraungirtum í,  
hyljótt og blælygn og tær.

<sup>10</sup> „Tilbrigði við skógarhljóð. Flögrað á milli þriggja greina í myrkviði Martins Heidegger.“ *Engill tímans. Til minningar um Matthías Viðar Sæmundsson*. Rítstj. Eiríkur Guðmundsson og Pröstur Helgason. Reykjavík 2004, bls. 61–80. Nemendur mínir hafa gert hliðstæðar tilraunir um vistfræðilegan lestur á verkum einstakra skálda og rit höfunda, eins og lesa má um í eftirtöldum meistaraþrófsritgerðum við Háskóla Íslands: Helga Birgisdóttir: *Pegar neglt var fyrir sólina, kríurnar rötuðu ekki heim og einn maður átti sér draum. Vistrýni og verk Andra Snæs Magnasonar* (2007); Jónína Guðmundsdóttir: *Að leita sér staðar á ljóðvegum. Um staðarhljóð Jónasar Hallgrímssonar, Snorra Hjartarsonar og Hannesar Péturssonar* (2010); Sigríður Egilsdóttir: *Skáldskapurinn í náttúrunni. Birtingarmyndir náttúrunnar í nokkrum skáldsögum Halldórs Laxness* (2011).

Rauðfættir sundhanar sveima  
og sílin þar skjótast í felur;  
endur þar ungana fyrst  
æfa þá grípa þeir sund.<sup>11</sup>

Hér ber lítt á þeirri táknrænu og handanlæggu heimssýn sem birtist oft í nýrómantískum skáldskap; ljóðið er fremur ort í anda gömlu rómantíkunnar og samsemdin við náttúruna er aðalatriðið. Hulda sýnir okkur heildarmynd af ákveðnu landssvæði í stóru og smáu, allt frá fjallasýn – „Hvert fjall stóð í bláhiminsljóma“<sup>12</sup> – til jurta og fugla sem hún lýsir af miklum kunnugleika. En þó má greina ákveðinn saknaðartón í kvæðinu, enda hefst það á orðunum „Manstu’ eftir hrauninu háa / og haganum ilmsmáragræna / þar sem við sorglaus og sæl / sveimuðum vorlangan dag?“<sup>13</sup> Þetta er með öðrum orðum fortíðarmynd af landslagi sem tengist áhyggjuleysi og sveitasælu. Bragformið áréttar að sínu leyti þann söknuð sem lesa má úr kvæðinu, því að það er tilbrigði við tregalag eða elegískan hátt. Hulda yrkir sig þannig inn í þá hefð sem Jónas Hallgrímsson staðfærði í ljóði sínu „Ísland, farsældafrón og hagsælda hrímhvíta móðir“, þar sem hann brá upp landslagsmyndum horfinnar tíðar og tregaði hana undir sama bragarhætti með tilvísun í þjóðarsöguna. En Hulda er einlægari en Jónas og talar ekki fyrir hönd hóps eða þjóðar heldur lýsir hún heimahögunum eins og sá sem saknar þess að geta ekki lengur sveimað þar um í sorgleysi æskunnar.

Annað ljóð sem er athyglisvert í þessu samhengi er „Í garði föður míns“, en eitt erindi þess er svohljóðandi:

Athvarf mitt og yndi  
ávallt fann ég hér  
hvort sem lék í lyndi  
lífið unga mér  
eða vangann vættu tár.  
Hér varð gleðin hundraðföld,  
hryggðin minna sár.<sup>14</sup>

<sup>11</sup> Hulda: *Segðu mjer að summan*, bls. 68.

<sup>12</sup> Sama rit, sama stað.

<sup>13</sup> Sama rit, sama stað.

<sup>14</sup> Hulda: *Kvæði*, bls. 56.

Föðurgarðurinn og ættarreiturrinn er staður til að rækta og hverfa til, en um slíka staði fjallar Martin Heidegger í heimspeki sinni.<sup>15</sup> Garður föðurins er ekki eiginleg náttúra heldur ræktaður staður í heiminum, skjól eða athvarf. Hann tengist um leið æskunni og felur í sér endurlit og umhugsun um full-orðinsárin og ellina sem fram undan er. Ljóðmælandinn verður að yfirgefa staðinn og er hrygg en hann lifir með henni hvert sem hún fer og hún biður honum blessunar:

Próast hygg ég heima  
hjartans dýpstu völd.  
Hér mun hugur sveima  
hinsta ævikvöld.  
Æskuvon og elliprá  
breiða þráfalt blómin sín  
blettinn sama á.<sup>16</sup>

Þetta er hinn sígræni hugargarður sem fylgir henni ævina á enda. Náttúran almennt – ekki aðeins hinn ræktaði garður – getur líka gegnt hliðstæðu hlutverki og verið athvarf konunnar í ljóðum Huldu; hún á hana alltaf að og getur horfið þangað í huganum þegar hún vill.

Kanadíski fræðimaðurinn Marshall McLuhan telur að ljóðskáld 19. aldar hafi lagt megináherslu á að lýsa náttúrunni sem skynrænu og fagurfræðilegu viðfangsefni í anda myndlistarmanna síðari alda. Rómantískir höfundar hafi þrátt fyrir alla sína huglægni verið mjög bundnir af þeirri kröfu að lýsa veruleikanum á hlutlægan hátt, þar sem gengið var út frá ákveðnu sjónarhorni, hlutföllum, áferð, dýpt, lit, formi og öðrum slíkum þáttum sem myndlistarmenn höfðu skilgreint í verkum sínum. McLuhan telur að megnið af engilsaxneskum og frönskum náttúruljóðum 19. aldar einkennist af áherslunni á hið myndræna og feli í sér tilraun til að draga upp ytri landslagsmyndir með orðum. Það sé síðan með táknsæisstefnunni á síðari hluta 19. aldar og módernismanum á fyrri hluta 20. aldar sem landslagið verði sálfræðilegra og því sé varpað inn á við. Táknsæisskald og módernistar hafi tekið sér mun meira frelsi gagnvart náttúrunni og umhverfinu og ekki bundið sig af einu sjónarhorni eða þeim áherslum sem landslagsmálverk fyrri tíma byggðust

<sup>15</sup> Sjá umfjöllun mína um þetta í áðurnefndri grein, „Tilbrigði við skógarhljóð“, bls. 71–73.

<sup>16</sup> Hulda: *Kvæði*, bls. 57.

á. Í nútímaljóðum megi því greina huglæga kortlagningu sem sé á mörkum veruleika og ímyndunar; sálrænar stærðir séu umritaðar í landslag eða hinu ytra varpað inn á við. McLuhan kallar þessa nútímalegu tækni og afstöðu *innra landslag* (e. *interior landscape*, fr. *paysage intérieur*).<sup>17</sup>

Innra landslag kemur víða fyrir í ljóðum Huldu. Hvað sem annars má segja um áður nefnt kvæði Einars Benediktssonar til hennar reyndist hann sannspár að þessu leyti þegar hann lýsti mögulegri þróun Huldu sem skálds þannig að hún ætti eftir að snúa sér „inn – að þeim æðra heimi“.<sup>18</sup> Ytri lýsingar Huldu verða auðveldlega sálfræðilegar og endurspeglá ákveðið hugarástand, eins og birtist meðal annars í alþekktu myndmáli hennar um flug, vængi og fugla. Víðáttan fer að ígilda andlegu frelsi. Hulda metur það við staði eins og Húsavík að þó að þar „skorti skóg / og skjól sé lítt“ þá sé „hugrúm nóg / við hafið vítt.“<sup>19</sup> Eins getur hugarheimur skáldkonunnar tekið á sig skynrænar myndir, þannig að ytri myndum er varpað inn á við. Ármann Jakobsson hefur fjallað um hliðstæða þætti í þululjóðum Theodoru Thoroddsen og ræðir um að yfirnáttúran verði þar órjúfanlegur þáttur í náttúrusýninni eða heimsmyndinni.<sup>20</sup> Því má segja að hin nýrómantíska náttúrusýn eða heimsmynd yfirstígi þann greinarmun sem oft er gerður á náttúru og yfirnáttúru, eða veruleika og sálarástandi, sem í nýrómantíkinni eru oft einn og sami heimurinn. En þá er ekki öll sagan sögð því að fjölbætt náttúrusýn Huldu er ekki sett fram með hefðbundnum hætti heldur finnur hún nýjar leiðir til þess að koma þessari sýn til skila með ljóðstíl, myndmáli og síðast en ekki síst með frjálsegra formi en hafði tíðkast í íslenskri ljóðagerð.

<sup>17</sup> Marshall McLuhan: „Tennyson and picturesque poetry.“ *The Interior Landscape. The Literary Criticism of Marshall McLuhan 1943–1962*. Selected, compiled, and edited by Eugene McNamara. New York og Toronto 1969, bls. 135–155. Ég fjalla nánar um kenningu McLuhans í greininni „Gönguskáldið.“ *Okkurgulur sandur. Tíu ritgerðir um skáldskap Gyrðis Elíassonar*. Ritstj. Magnús Sigurðsson. Uppheimar. Akranesi 2010, bls. 99–118.

<sup>18</sup> Þetta kemur fram í fjórða erindi kvæðisins: „– Svo opnast þín sjón eina sorgarnótt / fyrir sól þeirri’ er aldrei hverfur í æginn; / og upp frá því þráirðu eilífðardaginn / með Edenlífsins síunga þrótt. / Þá snýrðu þér inn – að þeim æðra heimi; / augu þín skyggast í draumanna geimi, / og alstaðar sérðu að líf er og ljós / við línskarir dauðans – í hríngluggans rós.“ Ármann [Einar Benediktsson]: „Til Huldu“, bls. 53 (stafrönging er færð til nútímahorfs).

<sup>19</sup> Hulda: *Kvæði*, bls. 145–146 (tilvitnun í ljóðið „Húsavík við Skjálfanda“).

<sup>20</sup> Ármann Jakobsson: „Í heimana nýja. Skáldkona skapar sér veröld.“ *Andvari*, 122. ár, 1997, bls. 109–127.

*Punglyndisleg náttúra*

Náttúrusýn Huldu er í grundvallaratriðum harmræn þó að hún yrki oft um unaðinn sem fylgir samlífi manns við jurtir, dýr og hvers kyns náttúrufyrirbæri. Náttúran er fögur og yndisleg en hún er um leið þunglyndisleg og mörg ljóð Huldu nefna harm eða sorg á nafn í tengslum við náttúruna. Þetta getur verið hryggð yfir hinu liðna sem ekki kemur aftur, en svo getur harmurinn líka verið óútskýrður og án eiginlegs viðfangs að því er séð verður. Þunglyndi án viðfangs er vel þekkt í bókmenntum og fleiri dæmi má finna um það í íslenskri ljóðagerð.<sup>21</sup> Kveðskapur um náttúruna – einkum sá sem sver sig í hefð hjarðljóða (*pastoral*) – virðist auk þess hafa sérstaka tilhneigingu til að tengjast þungum þönkum.<sup>22</sup> Í aldanna rás hafa þróast sérstakar ljóðategundir sem bera þessu vitni og má þar nefna hjarðljóðaraunir (e. *pastoral elegy*).<sup>23</sup>

Kannski væri of djúpt í árinna tekið að halda því fram að Hulda þróaði heildstæða eða kerfisbundna náttúruspeki í verkum sínum, en þó skilgreinir hún afstöðu og hlutverk náttúrunnar í einstökum ljóðum með tilliti til harmsins. Nokkur munur er á því hvernig hún skilgreinir þetta frá einu ljóði til annars, en mörg þeirra fela í sér áþekka hugsun um harminn. „Segðu engum sorgir mínar“ er eitt af þessum ljóðum og lýsir endurfundum fullorðins ljóðmælanda við umhverfi bernskunnar:

Svipfögur er sveitin mín um sumarnætur.  
Döggin yfir grasið grætur,  
grundir vefa blómsturrætur.

Aftankyrrðin er svo ljúf þá engir vaka  
utan þrestir þeir er kvaka  
þýtt og glatt og vængjum blaka.

<sup>21</sup> Sjá áður nefnda grein mína, „Gönguskáldið“, um ljóðagerð Gyrðis Eliassonar og almenna umfjöllun um þunglyndi án viðfangs í bók Julíu Kristevu, *Svört sól. Geðdeyfið og þunglyndi*. Ólöf Pétursdóttir þýddi. Ritstj. Dagný Kristjánsdóttir. Reykjavík 2008, sbr. bls. 61 o.v.

<sup>22</sup> Terry Gifford: *Pastoral*. The New Critical Idiom. Lundúnum og New York 1999, bls. 49 o.áfr.; sjá einnig Greg Garrard: *Ecocriticism*. The New Critical Idiom. Lundúnum og New York 2004, bls. 37 o.áfr.

<sup>23</sup> Ég fjalla um Hulduljóð Jónasar Hallgrímssonar sem hjarðljóðaraunir í bókinni *Arfur og umbylting. Rannsókn á íslenskri rómantík*. Reykjavík 1999, bls. 101–109.

Leit ég barnið ljósa nótt og langa daga  
þekja skruði þessa haga,  
þá var stund hver fögur saga.

Ennþá vitjar vorið heim með vötn og söngva  
inn í dalinn djúpa, þrönga,  
drauma mér þó beri önga.  
Hryggur leitar hugur minn að horfnum stundum  
meðan blær í birkilundum  
blöðin hrærir léttum mundum.

Þær eru dánar þó að svipir þeirra sveimi  
umhverfis í aftangeimi  
eins og fyrr í stundarheimi.<sup>24</sup>

Síðustu erindin fela svo í sér óvenjulega hugsun, þar sem ljóðmælandi felur náttúrunni harm sinn, grætur í grænu lautina sína, og vonast til þess að af tárunum spretti nýr gróður:

Lof mér, græna lautin mín, að létta harmi,  
láta hinst af heitum hvarmi  
hníga tár að þínum barmi.

Geymdu þau svo og segðu engum sorgir mínar.  
Láttu sumarliljur þínar  
leggja þau við rætur sínar.

Vera má af vökvun þeirri vaxi síðar  
þyrnirósir fjallsins fríðar,  
fræið beri stormur víðar.

Fyrirgefðu – önnur tár ég á ei lengur.  
Brostinn er hinn blíði strengur,  
barnið horfið eins og gengur.<sup>25</sup>

<sup>24</sup> Hulda: *Kvæði*, bls. 118–119.

<sup>25</sup> Sama rit, bls. 119.

Þannig má segja að ljóðmælandinn sé í allt að því líkamlegu sambandi við náttúruna og gráti ofan í jörðina í þeirri von að eitthvað spretti af tárunum. Þessi hugsun Huldu kann að kallast á við þann grát sem þekktur er í hjarðljóðaraunum og hafður er til marks um samúð náttúrunnar með mannlegu hlutskipti, en það eru oft náttúruþyrri eða ómennskar verur sem fella tárin (blómálfarnir í „Ferðalokum“ Jónasar Hallgrímssonar eru dæmi um þetta og grátur Huldu í „Hulduljóðum“). En freistandi er að lesa „Segðu engum sorgir mínar“ sem svar skáldkonunnar við áður nefndu kvæði eftir Einar Benediktsson og þá sérstaklega hinum fleygu orðum í niðurlaginu:

Drekktu af geislunum dalarós, –  
 en dyldu þig ei hver skóp þeirra ljós.  
 Þá festist þitt útsáð í akursins skaut  
 og yngir upp dalsins lautir og hóla.  
 Þá lifirðu' í framtíð – með fölnað skraut,  
*fyrsti gróður vors nýjasta skóla.*<sup>26</sup>

Lokaorðin eru hrósræði að því leyti að Einar lýsir því yfir að nýjabrum sé að kvæðum Huldu, en þau fela þó í sér hlutgervingu eða náttúrubindingu sem gerir lofið tvíbent. Myndmál af þessu tagi getur grafið undan sjálfsmynd skáldkonu, enda er þar litið á hana sem ómálga náttúru.<sup>27</sup> Hulda snýr myndmáli Einars við í kvæði sínu. Hún heldur grundvallarlíkingu mannlégar tjáningar við vöxt í náttúrunni, en munurinn er sá að hún sjálf er ekki gróður og tjáningin er þunglyndisleg – tár koma í stað fræja. Svar Huldu er þunglyndisleg staðfesting á því að hún er fullgilt skáld og hefur eigin rödd, en það er á kostnað barnsins sem stóð í beinu sambandi við náttúruna. Lokalínan með hversdagslega orðalaginu „barnið horfið eins og gengur“ er full eftirsjár en sýnir líka að skáldkonan hefur kvatt það barn sem Einar og aðrir höfðu lofsungið.

Í öðrum ljóðum Huldu er harmurinn óljósari en tengist oft hvarfi einhvers – og þá ekki endilega hvarfi barnsins í manni sjálfum. „Heiðarstúlkan“ syrgir sveininn sinn og sér „Augu hans blómdaggarblá / blika mér hvarvetna

<sup>26</sup> Ármann [Einar Benediktsson]: „Til Huldu“, bls. 53.

<sup>27</sup> Helga Kress: „Kona og skáld – Inngangur“, bls. 70–71. Sbr. Margaret Homans: *Women Writers and Poetic Identity. Dorothy Wordsworth, Emily Brontë, and Emily Dickinson*. Princeton, New Jersey 1980; sjá einkum 2. kafla bókarinnar, um Dorothy Wordsworth, bls. 41–103.

mót.<sup>28</sup> Oft er hryggðin tengd hverfuleikanum sem birtist í náttúrunni, sorg yfir því að blóm og jurtir fölna er haustið gengur í garð. Í ljóðinu „Blá blóm“ finnur ljóðmælandi að því við hinn ávarpaða að hann skuli hafi valið henni gleym-mér-ei:

Hví valdir þú blómin bláu  
að breiða veg minn á?  
Veistu' ekki að fljótast það fölnar  
sem fegurstan litblæ á?<sup>29</sup>

En um leið verða þessi áþreifanlegu blóm þáttur í innra landslagi eins og oft er hjá Huldu:

Hví valdir þú blómin bláu? –  
Þau boða mér hjartasorg  
ef lít ég þau döggu drifin  
í draumanna álfaborg.  
Í bernskunnar léttum blundi  
þau boðuðu ávallt tár,  
og síðan – ég sé þau blika  
í svefnalöndum hvert ár.<sup>30</sup>

Þannig er ytri myndum náttúrunnar varpað inn á við og verða þáttur í huglægum heimi sem einkennist oftar en ekki af heitri þrá og þungum þönkum.

### *Þululjóð og harmræn náttúrusýn*

Hin harmræna náttúrusýn birtist einnig í þeim þululjóðum sem gerðu Huldu þjóðfræga á unga aldri og eru í fyrstu bók hennar, *Kvæðum* 1909, en voru frumprentuð í *Sumargjöf* 1905. Þekktastar þeirra eru „Ljáðu mér vængi“, „Heyrði ég í hamrinum“ og „Segðu það móður minni“. Harmur og depurð koma við sögu í þeim öllum og þrá eftir að komast burt í betri heim. Ljóðmælandinn í „Ljáðu mér vængi“ vill komast burt með grágæsamóðurinni, ljóðmælandinn í „Heyrði ég í hamrinum“ er karlmaður sem huldukonur

<sup>28</sup> Hulda: *Segðu mjær að sunnan*, bls. 21.

<sup>29</sup> Sama rit, bls. 37.

<sup>30</sup> Sama rit, sama stað.

hafa tælt inn í hamarinn og ljóðmælandinn í „Segðu það móður minni“ er sorgmædd og haldin óynði „síðan ég kvaddi Sóldali / síðasta sinni“, eins og segir þar.<sup>31</sup> Í öllum þessum þululjóðum tengist harmurinn náttúrunni og því að vera ekki á réttum stað. Hér verður vikið að formi þululjóðanna áður en talinu verður aftur snúið að náttúrusýninni, enda má leiða líkur að því að þessar miklu nýjungar Huldu – þuluformið og hin þunglynda afstaða – eigi samleið inn í skáldskap hennar.

Yelena Yershova fjallar í grein í *Andvara* 2003 um þululjóð Huldu og Theodoru Thoroddsen og ber þau saman við þekktan þulukveðskap frá síðmiðöldum. Hún kemst að þeirri niðurstöðu að nýrómantísk þululjóð Huldu og Theodoru séu í rauninni býsna ólík gömlu þulunum. Oft móti fyrir erindaskiptum í þululjóðunum og þau séu mun formfágaðri heldur en gömlu þulurnar, auk þess sem rímið sé frábrugðið, þ.e. runurím einkenni gömlu þulurnar en víxlrím þululjóðin. Þululjóðaskáld nýrómantíkurinnar bregði einnig upp mynd af handanheimi sem sé fjarri gömlu þuluhefðinni, þó að finna megi ákveðnar samsvaranir í heimi íslenskrar þjóðtrúar almennt.<sup>32</sup> Sé þetta rétt ályktað er ekki hægt að skýra tilurð og einkenni þululjóðanna einfaldlega sem endurvakningu á þulunum gömlu heldur verður að huga að öðrum skýringarþáttum í því samhengi. Sú spurning verður áleitin hvort þululjóðin séu ekki nútímalegri skáldskapur en oft er haldið.

Guðrún Bjartmarsdóttir og Ragnhildur Richter telja að í þululjóðum sínum sameini Hulda „þjóðlega hefð og erlendar nýjungar“, ekki síst í djörfu rími og „ýmissi tækni, sem í nútímaljóðlist kemur í staðinn fyrir bragreglurnar gömlu. Breytileg línulengd og brot á hrynjandi, hliðstæður, andstæður og endurtekningar, myndmál og vísanir í annan skáldskap, allt stefnir þetta að því að skapa ákveðinn hugblæ eða stemningu.“<sup>33</sup> Þarna sé því „ekki aðeins um formendurnýjun að ræða heldur heyrir í fyrstu þulum Huldu sá angurværi og dulúðugi hreimur þjóðvísanna og gamalla viðlaga sem átti eftir að setja svip sinn á ljóðagerð flestra ungra skálda næstu áratugina og hefur verið áberandi tónn í íslenskri lýrik jafnan síðan.“<sup>34</sup> Sveinn Skorri Höskuldsson benti á það í grein í *Árbók Háskóla Íslands* 1993 að þululjóð þeirra Huldu og Theodoru hefðu ýmis hljómræn einkenni sem líktust skáldskap táknsæisins úti í Evrópu á ofanverðri 19. öld, þar sem mikið

<sup>31</sup> Hulda: *Kvæði*, bls. 110.

<sup>32</sup> Yelena Yershova: „Hinn nýi „gamli“ kveðskapur. Þululjóð 20. aldar og síðmiðaldarþulur.“ *Andvari*, 128. ár, 2003, bls. 123–151.

<sup>33</sup> Guðrún Bjartmarsdóttir og Ragnhildur Richter: „Inngangur“, bls. 35–36.

<sup>34</sup> Sama rit, bls. 37.

hafi verið lagt upp úr formfágum, hljómi og tónlist ljóða.<sup>35</sup> Í áður nefndum inngangi sínum að ljóðaúrvalinu *Stúlku* bendir Helga Kress á að þululjóð Huldu marki „tímamót í íslenskri ljóðagerð“ og skýrir það svo: „Í þulunum leysir hún upp bæði form og yrkisefni. Pulurnar einkennast af flæði og fantasíu. Hrynjandi er óregluleg og frjálsglega er farið með rím og stuðla.“<sup>36</sup> Yelena Yershova ræðir um þetta sem „milda formbyltingu“<sup>37</sup> en telur ekki að Hulda hafi þessa sláandi nýjung úr þulunum gömlu eins og áður segir, enda þótt hún noti ýmis eldri stef í þululjóðum sínum.

Slíkar formnýjungar verða ekki skildar frá því hugmyndalega uppbroti sem birtist í skáldskapnum. Bölsýn og þunglyndisleg heimssýn kallaði á aðra framsetningu og þetta tvennt er því samofið. Erlendir fræðimenn hafa á síðustu áratugum fjallað talsvert um þátt þunglyndis og sorgar í mórernískum skáldskap. Í bók sinni um mórernísk harmljóð (e. *modern elegy*) heldur Jahan Ramazani því fram að ólíkt hefðbundnum harmljóðum, sem ætlað var að veita þunglyndi og sorg í jákvæðan farveg, sé enga huggun að finna í nútímaljóðunum. Þar sé dvalið við hið harmræna án þess að veita því lausn eða upphafningu.<sup>38</sup> Fleiri fræðimenn hafa ritað um mórernismann í ljósi þunglyndis og sorgar og leggja áherslu á tengsl hins harmræna við endurnýjun forms og bókmenntagreina.<sup>39</sup> Þessar kenningar varpa ljósi á þau einkenni á ljóðum Huldu sem hér hafa komið fram. Hún dvelur gjarnan við harminn í ljóðum sínum – ekki síst í hinum nútímalegu þululjóðum – án þess að veita honum í jákvæðan farveg, t.d. með huggunarorðum sem ætlað er að sefa sorgina eða láta sem hún verði yfirunnin. Ljóðmælendur Huldu eru hryggir og fella tár, en þegar ljóðunum lýkur hefur í raun ekkert breyst. Þeir komast hvergi og sorgin yfirgefur þá ekki þó að þeir telji raunir sínar. Orð ljóðmælanda í „Heyrði ég í hamrinum“ lýsa þessu vel: „Finn ég hvorki frið né ró, / fjöllum kringdur langt frá sjó, / hárrí luktur hamraþró. / Hef ég aldrei grátið nóg?“<sup>40</sup>

Harmræn þululjóð Huldu eiga því margt skylt við evrópskan samtímakveðskap og til marks um það má benda á danskt skáld sem orti ekki

<sup>35</sup> Sveinn Skorri Höskuldsson: „Draumsins líkn. Hugleiðing um skáldið Wennerbóm og Kalastaða-Gunnu.“ *Tímarit Háskóla Íslands*, 6. árg., 1993, bls. 47–55.

<sup>36</sup> Helga Kress: „Kona og skáld – Inngangur“, bls. 72.

<sup>37</sup> Yelena Yershova: „Hinn nýi „gamli“ kveðskapur. Þululjóð 20. aldar og síðmiðaldarþulur“, bls. 130.

<sup>38</sup> Jahan Ramazani: *Poetry of Mourning. The Modern Elegy from Hardy to Heaney*. Chicago 1994.

<sup>39</sup> Patricia Rae: „Introduction: Modernist Mourning.“ *Modernism and Mourning*. Ritstj. Patricia Rae. Lewisburg 2007, bls. 13–49; hér bls. 36–38.

<sup>40</sup> Hulda: *Kvæði*, bls. 55.

ósvipuð ljóð, þó að þau væru ekki talin þjóðkvæðaleg heldur þvert á móti mjög nútímalegur skáldskapur. Daninn J.P. Jacobsen, sem fæddur var 1847 og lést fyrir aldur fram 1885, var framarlega í flokki þeirra skálda sem brutu upp hefðbundið ljóðform á ofanverðri 19. öld og hafði mikil áhrif á þróun ljóðagerðar fram á 20. öld, bæði í heimalandi sínu og erlendis, ekki síst í Þýskalandi.<sup>41</sup> Eitt helsta skáld Þjóðverja á þessum tíma, Rainer Maria Rilke (1875–1926), hafði svo mikið dálæti á verkum Jacobsens að hann taldi sig ekki geta án þeirra verið og lagði þau að því leyti að jöfnu við Biblíuna.<sup>42</sup> Hulda hélt líka mikið upp á danska skáldið. Þegar hún var spurð að því á fullorðinsárum hvaða rithöfundar hefðu haft mest áhrif á hana nefndi hún aðeins einn höfund meðal Dana og sagði: „Af dönskum skáldum þótti mér vænst um J.P. Jacobsen.“<sup>43</sup> Ekki er erfitt að sjá hvað hefur höfðað til Huldu í ljóðum Jacobsens, því að þau eru upp til hópa þulukennd og frjáls í forminu. Línurnar eru mislangar rétt eins og í þululjóðum Huldu og rímið er frjálst ef það er notað á annað borð, eins og sjá má á þremur ljóðum Jacobsens sem eru í viðauka þessarar greinar ásamt tveimur þululjóðum hennar.

Hulda hefur í nútímalegri ljóðagerð Jacobsens fundið samhljóm við ýmislegt sem hún las um svipað leyti í útgáfu Ólafs Davíðssonar á íslenskum þulum fyrri alda (1898–1903).<sup>44</sup> Jacobsen gaf þessu frjálsa og spunakennda ljóðformi nafnið *arabeska* (d. *arabesk*), enda kallast það á við austræna listhefð þar sem mikið er lagt upp úr endurteknum táknum og óhlutbundnum mynstrum, eins og þeim sem einkenna íslamska mynd- og skreytilist.<sup>45</sup> Þegar þululjóð Huldu eru sett í þetta samhengi sést enn betur hve nútímaleg

<sup>41</sup> Um alþjóðlegar viðtökur á verkum hans má lesa í greinasafninu *J.P. Jacobsens Spor i Ord, Billeder og Toner*. Ritstj. F.J. Billeskov Jansen. Kaupmannahöfn 1985.

<sup>42</sup> Rilke kemst svo að orði í bréfi til ungs skálds 5. apríl 1903: „Von allen meinen Büchern sind mir nur wenige unentbehrlich, und zwei sind sogar immer unter meinen Dingen, wo ich auch bin. Sie sind auch hier um mich: die Bibel, und die Bücher des großen dänischen Dichters *Jens Peter Jacobsen*.“ Rainer Maria Rilke: *Briefe an einen jungen Dichter*. Frankfurt 2007 (frumútg. 1929), bls. 13.

<sup>43</sup> Úr svarbréfi Huldu frá 1931 við þeirri spurningu hvaða rithöfundar hafi haft mest áhrif á hana. Sbr. Richard Beck: „Hulda skáldkona.“ *Hjá Sól og Bil: Sjö þættir*. Akureyri 1941, bls. 9–37; hér bls. 20.

<sup>44</sup> *Íslenskar gátur, skemtanir, vikiðvakar og þulur*. Safnað hafa J. Árnason og Ó. Davíðsson. IV. *Þulur og þjóðkvæði*. Kaupmannahöfn 1898–1903.

<sup>45</sup> Meðal þekktustu ljóða Jacobsens eru „En Arabesk“ („Har du faret vild i dunkle Skove?“) og „Arabesk. Til en Haandtegning af Michel Angelo“ („Tog Bølgen Land?“). Carsten Madsen fjallar um arabeskur Jacobsens í greininni „Arabeskens Idé og lineatur.“ *Passage*, nr. 16, 1994, bls. 51–66.

Þau eru, þó að þau hafi yfirbragð þjóðkvæða. Segja má að skáldkonan bregði slæðu þulunnar yfir andlitsdrætti arabeskunnar þannig að hún þekkist varla. Arabeskur Jacobsens eru oft þunglyndislegar og fela í sér harmræna náttúrusýn, eins og þá sem hér hefur verið greind í ljóðum Huldu, þó að hann yrki einnig um fegurð og yndi náttúrunnar eins og skáldsystir hans. Þetta eru því ekki aðeins formlegar nýjungar heldur varða þær einnig afstöðuna til heimsins.

Oft eru karlskáldin Jóhann Sigurjónsson og Jóhann Jónsson kallaðir fyrstu eiginlegu módernistarnir í íslenski ljóðagerð með því að brjóta upp hefðbundið form og láta myndræn hugrenningatengsl bera ljóðin uppi. En ef við hættum að hugsa um þululjóð Huldu fyrst og fremst sem endurvakningu á þulunum gömlu og opnum augun fyrir hinu nýstárlega og samtímalega í ljóðum hennar, þá eru það ekki skáldin sem ortu „Sorg“ og „Söknuð“ sem eru fyrstu módernistarnir. Það er skáldkonan Hulda sem leysir formið úr viðjum og bryddar upp á nýrri náttúrusýn með harmrænu ívafi.

### *Viðauki: Arabeskur J.P. Jacobsens*

„Sommervindens vilde Jagt“ og „Skovduens Sang“ eru hér tekin sem dæmi um arabeskur eða fríljóð J.P. Jacobsens, þar sem línulengd er ójöfn og rím óreglulegt ef það er á annað borð notað. Flest ljóð Jacobsens eru frjáls í forminu og svipuð þessum tveimur, enda telst hann einn af brautryðjendum nútímaljóða í dönskum bókmenntum. Að því leyti gætu þau hafa orðið Huldu hvatning til að yrkja með nýjum hætti og endurvekja í leiðinni þjóðleg stef eins og hún gerir í þululjóðum sínum, t.d. í „Segðu það móður minni“ og „Ljáðu mér vængi“. En á undan þeim fer þunglyndislegt fríljóð eftir Jacobsen sem nefnist „Har Dagen sanket al sin Sorg“. Það lýsir harmrænni heimssýn og er reyndar einnig forvitnilegt til samanburðar við eitt af lykilverkum módernismans á Íslandi, ljóðið „Sorg“ eftir Jóhann Sigurjónsson.

J.P. Jacobsen: Har Dagen sanket al sin Sorg

Har Dagen sanket al sin Sorg  
 Og grædt den ud i Dug,  
 Saa aabner Natten Himlens Borg  
 Med evigt Tungsinds tavse Sorg.  
 Og en for en  
 Og to og to  
 Gaa fjerne Verd'ners Genier frem  
 Af Himmeldybets dunkle Gem.  
 Og højt over Jordens Lyst og Elende

Med Stjernekerter højt i Hænde  
Skride de langsomt hen over Himlen.  
De Fodtrin skifte  
Med Sorg i Sinde ...  
Underligt vifte  
For Rummets kolde Vinde  
Stjernekerternes flakkende Flammer.

(„Har Dagen sanket al sin Sorg“ er ort um  
1875. J.P. Jacobsen: Samlede Skrifter I.  
Kaupmannahöfn og Kristjaníu 1918  
(frumútg. 1888), bls. 355.)

J.P. Jacobsen: Sommervindens vilde Jagt

Stolt Henrik og Fru Gaaseurt, tag blot Jer i Agt!  
Nu begynder Sommervindens vildene Jagt:  
Søen gnistrer som Sølv i dens Spor,  
Myggene Sivskoven bange forlade;  
Det er meget værre, end I tror,  
Hu, hvor det lèr nu i Bøgenes Blade!  
Træk det Grønne om Hagen!  
Der er St. Hansorm med Ildtunge rød,  
Og Engtaagen, det er en Sky, der er død!  
Hvilken Bølgen og Gyngen,  
Hvilken Ringen og Syngen:  
Kornvangens Guldaks slaar den lede Vind  
Mod hinanden, saa det klinger;  
Edderkoppen spiller paa sit Strengespind  
Med de lange Ben, saa det springer.  
Duggen triller med Klang fra Tue,  
Stjernes kud flyve fra Himmelbue,  
Sommerfuglen flygter med Larm gennem Hækken,  
Frøen springer langt ud i Bækken.  
– Tys! hvad tyder nu dens Færd?  
Hvert et vissent Løv den vender,  
Ak, den søger eders Frænder:  
Vaarens blaa-hvide Strøm af Blommer,  
Jordens flygtige Drøm om Sommer.  
Længst er de Jord!  
Men nu svinger den op  
Over Træernes Top,  
Thi opstanden den tror

Er det drømfine Flor,  
 Og i sælsomme Toner  
 Den dem hilser igjen  
 I de løvrige Kroner.  
 – Se saa! nu er det snart forbi,  
 Den hvirvler hen ad luftig Sti  
 Mod Søens blanke Flade,  
 Og dér i tusind Vovers Dans  
 I blege Stjerners Genfærdslands  
 Den vugges blidt til Hvile.  
 Hvor her blev tyst!  
 Ak, var det lyst!  
 O sving, Mariehøne, sving dig fra din Blomstertue  
 Og bed om fagert Solskinsliv alt hos din fagre Frue!  
 Alt danse Bølgerne om Næs,  
 Alt trækker sribet Snegl paa Græs;  
 Nu vaagner Skovens Fugleflok,  
 Og Blomsten ryster Dug af Lok  
 Og spejder efter Sol.  
 Vaagner, vaagner, alle Blommer,  
 Solen kommer!  
 Alt i Øst i Farvestrømme  
 Hilse os dens Morgendrømme!  
 Snart den af de dunkle Vande  
 Smilende opstaar,  
 Stryger fra sin lyse Pande  
 Rige Straalehaar!

(„Sommervindens vilde Jagt“ er IX. ljóðið í  
 ljóðafloknum Gurrasange frá 1867–1869.  
 J.P. Jacobsen: Samlede Skrifter I, bls. 329–331.)

Hulda: „Segðu það móður minni“

Bíddu, bíddu, bláa ský!  
 bjarta morguntraf.  
 Vindsvalur þér vængi gaf,  
 vorgolan hlý  
 hægt þér lyftir hnjúkum af,  
 himinborna ský!  
 Meðan sólin svaf  
 sat ég út við haf;  
 hafið stundi hægt og þungt

hamraborgum í,  
brjóst mitt ungt þá bifðist þungt,  
blælétta ský!  
Fljúgðu heim,  
heim yfir hrannageim,  
lítinn bæ  
langt frá sæ  
laugaðu í döggi og blæ,  
sumardöggi og svalablæ.  
Móðir mín þar sefur,  
morgunljósið vefur  
enni hennar, brjóst og brár,  
blítt og rótt hún sefur,  
hún sem þúsund hefur  
hlotið tregasár,  
allt þó öðrum gefur:  
ástarbross og tár,  
líf og gleði,  
ljúfu geði,  
krafta og æviár.  
Meðan tárið tefur  
tært á rósarkinn  
látu blakta um ljórann inn  
ljósa sumarfeldinn þinn;  
henni segðu harminn minn.  
Löngun mína  
látu skína  
líkt og geisla um gluggann inn.  
Ennþá man ég æsku mína,  
engu blómi skal ég týna!  
ennþá finn ég ástarmjúka  
arma strjúka  
enni mitt sem blíðvindi  
af bládýpi rynni,  
öll þau hjartans hlýindi  
hef ég geymd í minni.  
„Leiðist mér langdegi“  
líf mitt þreytir óyndi  
síðan ég kvaddi Sóldali  
síðasta sinni,  
„segðu það minni,  
segðu það móður minni.“

(Hulda: Kvæði. Reykjavík 1909, bls. 108–110.)

## J.P. Jacobsen: Skovduens Sang

Gurre Duer! Sorg mig tynger,  
 Samlet paa Flugt over Ø, –  
 Kommer! lytter!  
 Død er Tove! Nat paa hendes Øje,  
 Det, der var Kongens Dag.  
 Stille er hendes Hjerte,  
 Men Kongens vugger vildt,  
 Dødt og dog vildt,  
 Sælsomt lig Baad paa Vove,  
 Naar d e n, Plankerne krummede sig for at favne –  
 Snekkens Styrer – ligger død, hildet i Dybets Tang.  
 Ingen bærer dem Bud,  
 Ufør er Vejen.  
 Som tvende Strømme vare deres Tanker,  
 Strømme, der fulgtes Side om Side.  
 Hvor rinde nu Toves Tanker?  
 Kongens i sælsomme Bugter sig vride,  
 Søgende Toves,  
 Finder dem ikke.  
 Vide før jeg, Sorg mig sanked, meget jeg saa'!  
 Kisten saa' jeg paa Kongens Skuldre,  
 Henning den støtted;  
 Mørk var Natten, en enkelt Fakkel  
 Lyste i Gyden,  
 Dronningen holdt den, højt paa Svalen,  
 Skjalv for sin Hævn;  
 Taarer, som ikke græde hun vilde,  
 Funkled i Blik.  
 Vide før jeg, Sorg mig sanked, meget jeg saa'!  
 Kongen jeg saa' i Bondekoft  
 Køre med Kisten,  
 Gangeren, som ham bar til Sejer,  
 Maatte den drage.  
 Vildsomt vankede Kongens Øje,  
 Søgte et Blik,  
 Sælsomt lyttede Kongens Hjerte  
 Efter et Ord.  
 Henning talte Ord til Kongen,  
 Blik og Hjerte søgte dog end.  
 Kongen aabner for Toves Kiste,  
 Stirrer og lytter med bedende Læbe,  
 Tove er tavs.

Vide för jeg, Sorg mig sanked, meget jeg saa!  
Munken vilde Rebet drage  
Ringe Solen ned,  
Men han saa' paa Køresvenden,  
Sorgens Rune til ham talte; –  
Solen sank til Klang, som lyder  
Over Jordens Døde.  
Vide för jeg, Sorg mig sanked, Død dertil!  
Helvigs Falk  
I Kongegaarden  
Gurres Due slog.

(„Skovduens Sang“ er VI. Ljóðið í ljóðaflokknum  
Gurresange frá 1867–1869. J.P. Jacobsen:  
Samlede Skrifter I, bls. 321–323.)

Hulda: „Ljáðu mér vængi“

„Grágæsa móðir!  
ljáðu mér vængi“  
svo ég geti svifið  
suður yfir höf.  
Bliknuð hallast blóm í gröf,  
byrgja ljósið skugga tróf;  
ein ég hlýt að eiga töf  
eftir á köldum ströndum,  
ein ég stend á auðum sumarströndum.  
Langt í burt ég líða vil,  
ljá mér samfylgd þína!  
Enga vængi á ég til  
utan löngum mína,  
utan þrá og æskulöngum mína.  
Lof mér við þitt létta fley  
lítið far að binda;  
brimhvít höf ég óttast ei  
eða stóra vinda.  
Okkar bíður blómleg ey  
bak við sund og tinda,  
bak við sæ og silfurhvíta tinda.  
Eftir mér hún ekki beið, –  
yst við drangann háa  
sá ég hvar hún leið og leið

langt í geiminn bláa,  
langt í geiminn vegalausa, bláa.

(Hulda: Kvæði, bls. 23.)

## ÚTDRÁTTUR

### Náttúra Huldu

Greinin fjallar um ljóðræna náttúrusýn skáldkonunnar Huldu (Unnar Benediktsdóttur Bjarklind, 1881–1946) í ljósi vistrýni (e. *ecocriticism*). Færð eru rök fyrir því að afstaða hennar til náttúrunnar verði ekki aðeins skilgreind sem nýrómantísk eða táknsæisleg heldur lýsi hún sér einnig í því sem fræðimaðurinn Marshall McLuhan hefur kallað *innra landslag*. Auk þess sé náttúrusýn Huldu að hluta rómantísk, eins og ráða megi af nákvæmum landslagslýsingum og sterkri staðarkennd sem hún tjái í ljóðum sínum. Hulda fjalli oft um fegurð og yndi náttúrunnar, en ljóð hennar séu öðrum þræði þunglyndisleg og eigi það ekki síst við um hin nýstárlegu þululjóð hennar. Í greininni eru þululjóðin tengd við formnýjungar og hugmyndalegt upp-brot í erlendum samtímaskáldskap og því haldið fram að Hulda sé mun nútímalegra skáld en oft er haldið. Frjálsar og þunglyndislegar yrkingar hennar eru að því leyti bornar saman við *arabeskur* danska skáldsins J.P. Jacobsens (1847–1885) sem hún hafði mikið dálæti á. Komist er að þeirri niðurstöðu að Hulda hafi brotið blað í íslenskri ljóðagerð með óvenjulega samsettri og þunglyndislegri náttúrusýn sem hún setti fram með móðernískum hætti í ljóðum sínum.

*Lykilorð:* Hulda (Unnur Benediktsdóttir Bjarklind), íslensk ljóðagerð, náttúra, vistrýni, arabeska.

## ABSTRACT

### Hulda's Nature

The article approaches the nature poetry of Hulda (Unnur Benediktsdóttir Bjarklind, 1881–1946) from an ecocritical perspective. It argues that her view of nature cannot be described as being only Neoromantic or Symbolist, but that it also includes the characteristics for which Marshall McLuhan has coined the term *interior landscape*. Furthermore, Hulda's poetical view of nature proves to be partly Romantic, as witnessed by the detailed descriptions of landscape and the strong attachment to specific localities which she voices in her poetry. She often writes on the beauty and pleasure associated with nature, but her poems also show signs of melancholy, especially her innovative and rhapsodic *þululjóð*. The article connects the *þululjóð* to formal and ideological innovations made by contemporary poets abroad, claim-

SVEINN YNGVI EGILSSON

ing that they show Hulda to be a more thoroughly modern poet than often assumed. Her free and melancholic verse is compared in this respect with the rhapsodic *arabesques* of the Danish poet J.P. Jacobsen (1847–1885), who was a favourite of hers. The article concludes that Hulda broke new ground in Icelandic poetry by her particularly combined and melancholic view of nature, which she expressed in a modernist manner in her lyrical work.

*Keywords:* Hulda (Unnur Benediktsdóttir Bjarklind), Icelandic poetry, nature, ecocriticism, arabesque.